

## **Fundur umhverfis- og skipulagsráðs 29. júní 2022:**

### ***Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um úrbætur á Breiðholtsbraut - US220153***

Flokkur fólksins leggur til að tafarlaust verði leyst úr umferðarvandamáli á Breiðholtsbraut. Skoða þarf ljósastýringu og losa um þá hindrun sem veldur því að bílar sitja fastir í brautinni meira og minna.

#### **Greinargerð:**

Algert neyðarástand ríkir á Breiðholtsbraut um þessar mundir og er viðvarandi teppa á þeim kafla sem er frá Jafnaseli að Rauðavatni. Þarna verður Breiðholtsbrautin með einni akrein í stað tveggja fram að Jafnasel. Þegar verst lætur og komast örfáir bílar í einu á grænu ljósi við Jafnasel.

Kallað er eftir tafarlausum aðgerðum til að leysa þetta mál. Eina eðlilega framkvæmdin á þessu svæði er að tvöfalda Breiðholtsbrautina frá Jafnaseli að Rauðavatni en það gerist ekki á einni nóttu. Leysa þarf þetta mál nú þegar. Um hálf tíma tekur fyrir bíl að fara upp Brautina á annatíma og er ekki við þetta unað.

Í ljósi þessa ástands er rangt að leggja áherslu á að greiða leið inn á einfalda Breiðholtsbrautina frá Kópavogi, með Arnarnesvegi. Áhersluna á að leggja á tvöföldun Breiðholtsbrautar.